

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Dags. 1.3.2016
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-94
0.5

Með erindi dags. 16. febrúar sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun gegn súrnun sjávar á norðurslóðum, 160 mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Súrnun sjávar er í beinu hlutfalli við styrk gróðurhúsalofttegunda í lofthjúpnunum og þá sérstaklega koltvíildis (CO₂). Til að draga úr súrnun sjávar liggur því beinast við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda (1). Í aðdraganda COP-21 fundar aðila að rammasamkomulagi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál (UNFCCC), sem almennt er kallaður Parísarfundurinn, sendi Ísland inn tillögu um 40% samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 miðað við það sem var árið 1990 (2). Gangi þessi samdráttur eftir mun það draga úr súrnun sjávar, en þar sem losun Íslendinga er lítið hlutfall af hnattrænni losun gróðurhúsalofttegunda, verða áhrifin enn meiri ef stjórnvöld leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að tryggja að einnig verði dregið úr losun á hnattræna vísu. Gera má ráð fyrir að þeim mun meiri sem samdráttur losunar verði, því minni verði súrnun sjávar.

Mikilvægt er að fylgst verði með súrnun sjávar umhverfis Ísland og því nauðsynlegt að styrkja eftirlit og rannsóknir á þessu sviði hér á landi.

Tilvísanir

(1) Sjá kafla B5 í

http://www.climatechange2013.org/images/report/WG1AR5_SPM_FINAL.pdf

(2) <http://www4.unfccc.int/submissions/INDC/Published%20Documents/Iceland/1/INDC-ICELAND.pdf>

Virðingarfyllt



Hafdís Karlsdóttir
Settur forstjóri VÍ